



# Upplifun og reynsla dómþola sem afplánað hafa undir rafrænu eftirliti

Íris Ósk Ólafsdóttir, félagsráðgjafi MA, geðsvið Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Steinunn Hrafnisdóttir, félagsráðgjafi MA, Ph.d., prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.



Steinunn  
Hrafnisdóttir



Íris Ósk  
Ólafsdóttir

## Útdráttur

Rafrænt eftirlit þýðir að dómþoli afplánar síðasta hluta dómsins á heimili sínu eða öðrum dvalarstað sem Fangelsismálastofnun samþykkir og þarf að vera með ökklaband á sér þannig að hægt sé að fylgjast með ferðum hans.

Markmið rannsóknarinnar er að varpa ljósi á upplifun og reynslu einstaklinga sem afplánað hafa undir rafrænu eftirliti og hvernig úrræðið nýttist í aðlögun þeirra að samfélaginu. Tilgangurinn var að skoða hvaða stuðningur þeim stóð til boða og varpa fram hugmyndum um úrbætur sem viðmælendur telja þörf á. Við rannsóknina var beitt eigindlegri rannsóknaraðferð þar sem tekin voru viðtöl við níu einstaklinga sem afplánað hafa undir rafrænu eftirliti.

Niðurstöður benda til þess að rafrænt eftirlit sé mikilvægt úrræði í aðlögun dómþola að samfélaginu. Upplifun viðmælenda af úrræðinu var jákvæð, þeir upplifðu umbun og ákveðið frelsi þegar rafrænt eftirlit hófst og aðlögunin að samfélaginu varð auðveldari fyrir vikið.

Viðmælendur telja þó þörf á úrbótum, svo sem auknum stuðningi við dómþola af hálfu félagsráðgjafa og sálfræðinga Fangelsismálastofnunar og samstarfi við félagsþjónustu sveitarfélaga og aðra aðila sem koma að þjónustu og stuðningi við dómþola.

**Lykilorð:** dómþolar, rafrænt eftirlit, afplánun.

## Abstract

Electronic monitoring allows prisoners to serve their sentences at home or in a designated residence approved by the Prison and Probation Administration. They wear an electronic ankle tag to facilitate surveillance of their whereabouts. The aim of the study is to shed light on the experiences of individuals who have served a sentence with electronic monitoring and to obtain information on how it helped them to integrate

into society after imprisonment. Furthermore, to examine what support is available to the prisoners as well as what are their ideas for improvements. The research method is qualitative, based on nine interviews with individuals who have served time with electronic monitoring process.

The results of the study indicate that electronic monitoring is an important resource in the integration of prisoners into society. The interviewees' experience was positive, they felt rewarded and experienced a certain freedom when electronic monitoring began. Additionally they thought that the integration into society was easier. Participants in the research thought that some improvements are needed so the electronic monitoring can be used even better, for example more support from social workers and psychologists from the Prison and Probation Administration and to co-operate with the social services and others involved in services and support for prisoners.

**Keywords:** prisoners, electronic monitoring, imprisonment.

## Inngangur

Fangelsisvist getur haft skaðleg áhrif á einstaklinga og neikvæðar afleiðingar fyrir framtíðarmöguleika þeirra. Umræða um endurhæfingu og aðlögun dómþola að samfélaginu eftir afplánun er því mikilvæg. Undanfarin ár hefur talsverð uppbygging og þróun átt sér stað í íslensku fangelsiskerfi, til að mynda með þeirri áherslu sem er lögð á þrepaskipta afplánun fangelsisrefsingar sem þýðir að dómþoli afplánar dóm sinn í nokkrum þrepum. Þrepin eru lokað fangelsi, opið fangelsi, áfangaheimili, til dæmis Vernd, og þaðan á eigið heimili með ökklaband (rafrænt eftirlit) áður en að reynslulausn kemur. Slíkt fyrirkomulag afplánunar er vænlegt til árangurs þar sem það hvetur dómþola til góðrar



hegðunar og þátttöku í endurhæfingu og er talið vel til þess fallið að fækka endurkomum í fangelsi. Rannsóknir hér á landi og erlendis hafa sýnt að afplánunarúr-ræði utan fangelsis draga úr endurteknum brotum þar sem aðlögun dómþola að samfélaginu að nýju gengur betur. Það er því mikilvægt að efla önnur fullnustuúr-ræði en fangelsi, eins og rafrænt eftirlit og samfélags-þjónusta (Dünkel, 2014; Helgi Gunnlaugsson, 2018; Ríkisendurskoðun, 2023).

Fram kom í skýrslu Ríkisendurskoðunar árið 2010 að leggja ætti áherslu á betrun fanga með það að markmiði að draga úr endurkomutíðni. Fangelsismálastofnun setti því fram tillögu um að innleiða rafrænt eftirlit sem afplánunarúr-ræði og þann 1. október 2011 var veitt heimild til að nota rafrænt eftirlit sem fullnustuúr-ræði (Ríkisendurskoðun, 2011; þingskjal nr. 1251/2010–2011; þingskjal nr. 399/2015–2016).

Rafrænt eftirlit þýðir að dómþoli afplánar síðasta hluta dómsins á heimili sínu eða öðrum dvalarstað sem Fangelsismálastofnun samþykkir og þarf hann að vera með ökklaband á sér þannig að hægt sé að fylgjast með ferðum hans. Þegar dómþoli afplánar undir rafrænu eftirliti þarf hann að uppfylla ströng skilyrði sem skerða athafnafrelsi hans og krefst þetta því mikils aga af hans hálfu (þingskjal nr. 399/2015–2016).

Rafrænt eftirlit hefur verið innleitt víða með það að markmiði að létta á yfirfullum fangelsum, lækka rekstrar-kostnað og stuðla að farsælli endurkomu dómþola út í samfélagið (Belur o.fl., 2020). Þá hefur reynslan sýnt að afplánun í fangelsi er skaðlegri og hefur meiri áhrif á framtíðarmöguleika dómþola en afplánun undir rafrænu eftirliti (Andersen og Andersen, 2014).

Þessi grein er byggð á niðurstöðum meistararannsóknar Írisar Óskar Ólafsdóttur (2022) á upplifun og reynslu dómþola sem afplánað hafa undir rafrænu eftirliti. Rannsakandi fékk úthlutað styrk úr B-hluta vísindasjóðs Félagsráðgjafafélags Íslands við gerð rannsóknarinnar.

### Rafrænt eftirlit

Eftir að Bandaríkjamenn hófu að nota rafrænt eftirlit sem afplánunarúr-ræði árið 1983 hefur úrræðið teygst anga sína til um það bil 40 landa og það er notað með tvennum hætti, annars vegar sem „front-door“ eftirlit sem felur í sér að dómþoli afplánar allan refsitímann undir rafrænu eftirliti og fer því ekki í fangelsi, og hins vegar „back-door“ eftirlit sem felst í því að dómþoli er látinn laus úr fangelsi fyrr en hann hefði að öðru jöfnu losnað og lýkur afplánun heima hjá sér undir rafrænu eftirliti. Á Íslandi er rafrænt eftirlit

með „back-door“ fyrirkomulagi (Nellis, 2014; þingskjal nr. 1251/2010–2011). Það fyrirkomulag var talið henta íslenska fangelsiskerfinu vel þar sem samfélagsþjónusta á Íslandi líktist rafrænu eftirliti með „front-door“ fyrirkomulagi, en samfélagsþjónusta er eitt af þeim afplánunarúr-ræðum á Íslandi sem getur komið í stað refsivistar í fangelsi. Dómþolar með allt að 24 mánaða óskilorðsbundinn dóm geta afplánað refsingu með samfélagsþjónustu sem felur í sér ólaunað tíma-bundið starf í þágu samfélagsins sem dómþoli sinnir utan fangelsis (þingskjal nr. 1251/2010–2011; lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016).

Dómþoli þarf að uppfylla ákveðin skilyrði til þess að fá að afplána undir rafrænu eftirliti. Skilyrðin eru sjö talsins og koma fram í 33. gr. laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og eru þau í samræmi við gildandi lög og reglur um rafrænt eftirlit annars staðar á Norðurlöndum. Auk þess má ákveða að rafrænt eftirlit verði bundið frekari skilyrðum sem Fangelsismálastofnun tekur ákvörðun um, svo sem að dómþoli hlíti fyrir-mælum Fangelsismálastofnunar um umgengni við annað fólk og iðkun tólmstundastarfa og að hann sæti sérstakri meðferð sem Fangelsismálastofnun ákveður (lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016). Dómþoli þarf að framfylgja ákveðnum reglum, meðal annars að vera á dvalarstað sínum á virkum dögum frá klukkan 23:00 til 7:00 og um helgar frá klukkan 21:00 til 7:00, sinna vinnu, námi eða öðrum verkefnum á virkum dögum og hann má ekki neyta áfengis eða annarra ávana- og fíkniefna. Ef dómþoli uppfyllir ekki lengur skilyrði eða rýfur skilyrði ákveður Fangelsismálastofnun hvort skilyrðum rafræns eftirlits verður breytt eða heimild til afplánunar undir rafrænu eftirliti afturkölluð. Ef Fangelsismálastofnun ákveður að afturkalla heimildina fer dómþoli aftur í fangelsi og afplánar eftirstöðvar refsingar þar (lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016).

Þann 1. janúar 2022 gerði Fangelsismálastofnun samning við Áfangaheimili Verndar um að sjá um framkvæmd og umsjón rafræns eftirlits en það var áður hjá Fangelsismálastofnun og Öryggismiðstöðinni sem sá um eftirlitið. Meirihluti dómþola sem gangast undir rafrænt eftirlit afplánar fyrst á áfangaheimili Verndar en eitt af skilyrðunum sem dómþoli þarf að uppfylla til þess að fá að afplána undir rafrænu eftirliti er að hafa lokið afplánun á Vernd eða í sambærilegu úrræði með fullnægjandi hætti (Fangelsismálastofnun, e.d.; Vernd, e.d.).

Hlutfall dómþola sem afplána á hverjum tíma undir rafrænu eftirliti hefur verið á bilinu 5 til 18 prósent af heildarfjölda dómþola frá því að úrræðið var tekið í notkun. Árið 2017 afplánuðu að meðaltali 17,8 pró-



sent dómþola undir rafrænu eftirliti, eða nær þrefalt fleiri en árið á undan. Ástæðu þess má einkum rekja til lagabreytinga árið 2016 þar sem heimildir dómþola til að nýta sér úrræðið voru rýmkaðar, en þá var hámarks-tími afplánunar undir rafrænu eftirliti lengdur úr átta mánuðum í tólf (Fangelsismálastofnun, Hafdís Guðmundsdóttir, munnleg heimild, 9.3.2022; Ríkisendurskoðun, 2023).

### Markmið rafræns eftirlits

Rafrænt eftirlit er afplánunarúrræði sem dregur úr þyngd refsinga. Fangelsisvistin er stytta og dómþolar fá tækifæri til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu með því að stunda vinnu eða nám. Því ætti aðlögunin að samfélaginu eftir fangelsisvist að verða auðveldari fyrir dómþola. Einnig á rafrænt eftirlit að hafa uppbyggilegt gildi með það að markmiði að beina dómþolum af braut afbrota og draga þannig úr ítrekunartíðni (Andersen og Telle, 2022; Helgi Gunnlaugsson, 2008). Refsingin og ökklabandið eitt og sér er ekki talið nægjanlegt til þess að tryggja árangursríka afplánun og samkvæmt núgildandi fangelsisreglum Evrópuráðsins á rafrænt eftirlit að vera notað samhliða öðrum inngripum sem er ætlað að stuðla að endurhæfingu dómþola og styðja breyttan lífsstíl án afbrota (Nellis, 2014). Uppbyggjandi virkni samhliða rafrænu eftirliti er mikilvæg til að auka tækifæri dómþola til endurhæfingar og draga úr afbrotahegðun og hafa rannsóknir sýnt að endurhæfing sé líkleg til að draga úr endurkomutíðni (Bhuller o.fl., 2020). Ein stærsta rannsókn sem gerð hefur verið í Evrópu á fangelsum, frávikshegðun og atvinnumálum fanga sýndi að þau fangelsi sem byðu upp á starfstengda endurhæfingu sýndu betri árangur hjá dómþolum sem sneru aftur í samfélagið en önnur fangelsi. Þeir voru líklegri til þess að forðast afbrotahegðun og hófu atvinnuleit af meiri krafti eftir afplánun (Bhuller o.fl., 2020).

Rannsóknir hafa sumar hverjar sýnt fram á góðan árangur af úrræðinu þrátt fyrir að því sé beitt einu og sér og án stuðnings. Útgöngubannið sem fylgir rafrænu eftirliti getur í sumum tilfellum dregið úr afbrotahegðun þar sem tengsl dómþola við óæskilegan félagsskap rofna og þeir eru hvattir til þess að gera uppbyggilega hluti og tengjast einstaklingum sem hafa góð áhrif á þá (Graham og McIvor, 2016).

Mikilvægt verkefni refsiréttarkerfisins er að lækka endurkomutíðni og er vímuefnaneysla stór áhættuþáttur fyrir endurtekna afbrotahegðun. Rannsóknir hafa sýnt fylgni milli vímuefnavanda og endurkomu í fangelsi. Dómþolar sem afplána undir rafrænu eftirliti við slæmar heimilisástæður og án verndandi þátta eru

í aukinni hættu á að nota vímuefni sem hjargráð og það leiðir þá til áframhaldandi afbrotahegðunar (Håkansson og Berglund, 2012; Øster og Rokkan, 2012).

### Upplifun dómþola af afplánun undir rafrænu eftirliti

Erlendar rannsóknir á upplifun einstaklinga af rafrænu eftirliti hafa leitt í ljós ýmist jákvæða eða neikvæða upplifun. Jákvæð upplifun felst meðal annars í því tækifæri sem dómþolar fá til að komast fyrr heim til fjölskyldu sinnar, til að viðhalda vinasamböndum og til að stunda vinnu sem kemur í veg fyrir að fjölskyldan þurfi að treysta á félagslega kerfið. Hvað varðar neikvæða upplifun greindu dómþolar frá því að rafrænt eftirlit gæti haft neikvæð áhrif á fjölskyldu dómþola, valdið erfiðum samskiptum milli fjölskyldumeðlima og spenna gæti myndast milli dómþola og maka (Willoughby og Nellis 2016). Þrátt fyrir þær neikvæðu upplifanir sem dómþolar greina frá virðist sem bæði dómþolar og fjölskylda þeirra kjósi afplánun undir rafrænu eftirliti frekar en fangelsisvist þar sem þannig megi stytta aðskilnað þeirra. Fyrir flesta dómþola vega kostirnir því þyngra en ókostirnir (Andersen og Andersen, 2014; Graham og McIvor, 2017; Howard, 2020).

Ökklabandið og sýnileiki þess hafa mismunandi áhrif á dómþola. Sumar rannsóknir hafa sýnt að dómþolum þyki líkamlega óþægilegt að vera með ökklaband og margir upplifi skömm yfir því að ganga með ökklaband innan um annað fólk (Deuchar, 2012). Aðrar rannsóknir hafa sýnt að dómþolar upplifi engan vanda tengdan ökklabandinu þar sem auðvelt sé að fela tækið undir fatnaði og upplifi þeir því enga fordóma eða stimplun frá samfélaginu (Hawkes, 2021).

Ekki fundust neinar íslenskar rannsóknir um upplifun dómþola af rafrænu eftirliti og því er vonast til að þessi rannsókn bæti við þekkingu á þessu sviði. Leitast er við að svara eftirfarandi rannsóknarspurningum: 1) Hver er upplifun og reynsla dómþola af rafrænu eftirliti? 2) Hvernig nýttist rafrænt eftirlit í aðlögun dómþola að samfélaginu á ný? 3) Hvaða stuðningur stóð dómþola til boða? 4) Hvaða úrbóta telja dómþolar þörf á varðandi rafrænt eftirlit?

### Aðferð

Rannsóknargagna var aflað með eigindlegri aðferð þar sem þátttakendur voru valdir með markvissu úrtaki (Braun og Clarke, 2013). Viðmælendurnir skrifuðu undir upplýst samþykki þar sem fram kom að fyllsta trúnaðar yrði gætt og að nafnleysis yrði virt. Ekki er hægt að alhæfa um niðurstöður rannsóknarinnar sökum





lítills úrtaks en niðurstöðurnar gefa samt sem áður inn-sýn í sameiginlega reynslu og upplifun dómþolanna af afplánun undir rafrænu eftirliti.

### *Þátttakendur*

Þátttakendur rannsóknarinnar voru níu karlmenn á aldrinum 30 ára til 50 ára. Í upphafi rannsóknar voru tekin viðtöl við sjö einstaklinga sem afplánað hafa undir rafrænu eftirliti en þar sem Áfangaheimili Verndar tók við umsjón rafræns eftirlits í janúar 2022 var ákveðið að taka viðtöl við tvo dómþola sem voru að afplána undir rafrænu eftirliti með það að markmiði að varpa ljósi á nýja fyrirkomulagið.

Brotin sem viðmælendurnir höfðu hlotið dóma fyrir voru fíkniefnasmygl, akstur undir áhrifum ávana- og fíkniefna, bílaþjófnaður, fíkniefnabrot, manndráp og kynferðisbrot gegn barni. Meirihluti viðmælendanna hefur afplánað dóm í fangelsi oftast en tvisvar sinnum en tveir viðmælendur eiga eina afplánun að baki.

Við skráningu og úrvinnslu gagna var fyllsta trúnaðar gætt gagnvart viðmælendum þannig að ekki yrði hægt að rekja upplýsingarnar til þeirra. Því var öllum nöfnum og öðrum einkennandi atriðum breytt.

### *Framkvæmd*

Undirbúningur og framkvæmd rannsóknarinnar fór fram á árunum 2019 til 2022. Leitað var til Fangelsismálastofnunar og Áfangaheimilisins Verndar, sem buðu þátttakendum að taka þátt í rannsókninni f.h. rannsakanda. Viðtölin fóru ýmist fram á skrifstofu Fangelsismálastofnunar, í þjónustumiðstöð Reykjavíkurborgar eða á vinnustað viðmælenda. Tekin voru símaviðtöl við tvo viðmælendur þar sem þeir voru í afplánun undir rafrænu eftirliti og þar af leiðandi erfitt að finna tíma til að hittast augliti til auglitis. Stuðst var við hálfstaðlaðan viðtalsvísi og lengd viðtala var á bilinu 35 til 85 mínútur. Rannsóknin var kynnt fyrir viðmælendum í upphafi og skrifuðu þeir allir undir upplýst samþykki. Viðtölin voru hljóðrituð orðrétt, afrituð og þemagreind með opinni kóðun, sem felst í því að viðtölin eru lesin marg-sinnis yfir, línu fyrir línu, til að koma auga á mynstur og merkja við allt sem skiptir rannsóknina máli með markmið hennar að leiðarljósi (Sigríður Halldórsdóttir, 2013).

### *Síðferðileg álitamál og takmarkanir*

Ýmis síðferðileg álitamál koma upp þegar fjallað er um viðkvæmt málefni og því var mikilvægt að verja þátt-takendur gegn því að skaðast af þátttöku í rannsókninni og tryggja það að ávinningur þeirra væri nægur til að

réttlæta þátttöku (Sigurður Kristinsson, 2013). Hagsmunir þátttakenda voru ávallt hafðir að leiðarljósi við gerð rannsóknarinnar og voru þátttakendur upplýstir um markmið og tilgang rannsóknarinnar og að þeim væri fjálst að neita að svara og gætu hætt þátttöku hvenær sem væri.

Helstu annmarkar rannsóknarinnar felast í úrtaki hennar, bæði hvað varðar úrtaksstærð og að úrtakið er einsleitt. Um er að ræða fámennan hóp sem er viðkvæmur og því var erfitt að fá einstaklinga til þess að taka þátt í rannsókninni. Úrtakið er því einsleitt hvað kyn varðar en viðmælendur eru samt sem áður ólíkir hvað varðar brotaflokkar og lengd afplánunar.

### *Niðurstöður*

Við greiningu gagnanna kom í ljós að viðmælendurnir áttu margt sameiginlegt og var því hægt að draga fram nokkur þemu sem skiptast í þrjú yfirþemu og átta undirþemu. Fyrsta þemað fjallar um neyslu og afplánunarsögu ásamt því að varpa ljósi á upplifun viðmælenda af þrepaskiptri afplánun. Annað þemað kallast afplánun undir rafrænu eftirliti og fjallar um skilyrði rafræns eftirlits og rof á skilyrðum. Þriðja þemað er upplifun viðmælenda af afplánun undir rafrænu eftirliti og fjallar um stuðning við dómþola, kosti og galla úrræðisins og tillögur að úrbótum. Í þessari grein er fjallað um þrjú þeirra: Afplánun undir rafrænu eftirliti, upplifun dómþola af afplánun undir rafrænu eftirliti og úrbætur.

### *Afplánun undir rafrænu eftirliti*

Afplánunin gekk vel hjá fimm af þeim sjö viðmælendum sem höfðu lokið afplánun. Tveir höfðu rofið skilyrði rafræns eftirlits um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna og þurftu þar af leiðandi að afplána eftirstöðvar refsingar í fangelsi. Áttu þeir það sameiginlegt að hafa átt í erfiðum samskiptum við fjölskyldumeðlimi og það leiddi til þess að þeir leituðu í gömul bjargráð, að deyfa sig með vímuefnum. Þeir sögðu jafnframt að lítill stuðningur og skortur á samvinnu við Fangelsismálastofnun hefði valdið því að þeim gekk illa að nýta úrræðið og sagði annar þeirra: „... þú getur ekkert verið í samskiptum við bara einhvern lögfræðing sem er ekkert inn í málunum fattaru. Lögfræðingurinn er bara með einhvern ákveðinn ramma. Þú steigst út fyrir rammann, sorry kallinn minn, ég kippi þér inn, fattaru.“

Hinir fimm viðmælendurnir voru á einu máli um að þeim hefði gengið vel að fara eftir þeim skilyrðum sem þeir þurftu að sæta í rafrænu eftirliti, meðal annars vegna þess að reglurnar væru í raun þær sömu og á Vernd og þeir hefðu því fengið ágætis aðlögun þar



fyrir rafræna eftirlitið. Aðspurðir um útivistartímamann voru þeir á sammála um að það væri ágætt að hafa fast-ákveðinn útivistartíma því það væri ákveðið aðhald.

*Upplifun dómþola af afplánun undir rafrænu eftirliti* Meirihluti viðmælendanna var á þeirri skoðun að stuðningur væri mikilvægur þáttur í afplánun undir rafrænu eftirliti. Einungis tveir af sjö viðmælendum rannsóknarinnar voru háðir því skilyrði að mæta í viðtöl hjá sálfræðingi og félagsráðgjafa Fangelsismálastofnunar en þeir voru báðir að afplána dóm fyrir alvarlegt brot, kynferðisbrot gegn barni og manndráp. Báðir nýttu þeir vel stuðninginn sem þeir fengu og sögðu að hann hefði verið mikilvægur í aðlögun þeirra að samfélaginu.

Viðmælendunum sem ekki voru bundnir því skilyrði að mæta í viðtöl hjá sálfræðingi eða félagsráðgjafa Fangelsismálastofnunar bar saman um að hafa ekki haft vitneskju um að þeim stæði slíkur stuðningur til boða. Aðspurðir hvort þeir teldu sig hafa hlotið nægilegan stuðning þegar þeir afplánuðu undir rafrænu eftirliti töldu þeir flestir að svo væri ekki. Nokkrir töldu sig þó ekki hafa þurft á stuðningi að halda en vert er að taka fram að þeir voru með gott stuðningsnet fjölskyldu. Aðrir töldu að þeir hefðu nýtt sér stuðninginn og töldu mikilvægt að dómþolar væru upplýstir um þann stuðning sem þeim stæði til boða. Einn viðmælendinn var sérstaklega ósáttur við að hafa engan stuðning fengið og sagði:

Ég get alveg lofað því að þeir sem eru að gera eitthvað í sínum málum og það er eitthvað annað sem bjátar á, þú veist, að Fangelsismálastofnun bara svona sýni aðeins að hey, við erum hérna fyrir þig, bara láttu okkur vita.

Einn lýsti þessu á þennan hátt:

... að þetta teymi myndi fara heim til einstaklingsins þegar ökklabandið er sett á og svo væri jafnvel fundur, einu sinni í mánuði, á heimili einstaklingsins, á hans svæði. Þá væri líka hægt að kanna aðstæður, skilurðu ... ég held að það sé mjög mikilvægt, sko, að þetta sé ekki endilega uppi á skrifstofu hjá Fangelsismálastofnun.

Tveir viðmælendanna, sem sögðust ekki hafa þurft á stuðningi að halda þegar þeir afplánuðu undir rafrænu eftirliti, töldu að ef þeim hefðu verið sett skilyrði um að mæta í viðtöl til sálfræðings eða félagsráðgjafa hefði það orðið íþyngjandi fyrir þá. Töldu þeir nóg að upp-

lýsa dómþola um að hægt væri að leita eftir stuðningi ef þörf væri á og bentu á að það væri gott að það stæði í samningnum um afplánun undir rafrænu eftirliti. Aðspurðir hvort þeir myndu leita til Fangelsismálastofnunar eftir stuðningi ef þeir teldu sig þurfa á því að halda svöruðu þeir því báðir játandi. Báðir segjast þeir bera traust til sérfræðinga Fangelsismálastofnunar enda hefðu þeir báðir fengið stuðning þaðan á afplánunartímanum.

Viðmælendurnir tveir sem voru í afplánun undir rafrænu eftirliti með nýja fyrirkomulaginu voru báðir ánægðir með að Vernd sæi um rafræna eftirlitið í stað Fangelsismálastofnunar: „Um leið og það kemur einhver annar hlutlaus inn í þetta, sem þekkir mann ekki, þá getur alltaf myndast svona spenna. Það er búið að myndast traust við Verndina eftir allan þennan tíma.“ Einn lýsti þessu svona:

Það er auðvelt að hafa samband við þá ef eitthvað kemur upp á, hef þurft að gera það og það er bara gott. Maður kynntist þeim náttúrulega vel á Vernd, þeir eru mjög fínir, sko, alveg bara ... það er alveg gott að hafa þá ... að maður þekki þá aðeins ... í staðinn fyrir að hringja í einhvern lögfræðing eða annan hjá Fangelsismálastofnun sem maður þekkir ekki neitt og hefur aldrei hitt. Maður veit alveg að þeir á Vernd eru inni í öllum málum og þekkjá kerfið alveg aftur á bak og áfram og einstaklingana og það er gott.

Einnig kom fram í viðtölunum að viðmælendurnir upplifðu sigur þegar þeir luku afplánun og klipptu af sér ökklabandið. Einn viðmælendi lýsti þessu vel:

Mér fannst ég loksins bara svona vera að verðskulda að ljúka einhverju sem að hérna, ég hefði getað verið búinn að ljúka löngu fyrr en var ekki hæfur til þess. Þannig þetta fannst mér svona verðskuldaður sigur, yes, ég fékk svona yes ég get þetta, ég get lifað lífinu, get bara verið venjulegur maður, sko.

Þegar viðmælendurnir voru spurðir um kosti og ókosti rafræns eftirlits kom aðhald og rútína oft upp og sögðu þeir það vera mikilvæga þætti í aðlögun dómþola að samfélaginu, og þá sérstaklega fyrir langtímafanga. Töldu þeir rafrænt eftirlit vera góða viðbót við kerfið og að það væri jákvæð þróun. Einn viðmælendi sagði: „að venja þig að koma út úr fangelsi, skilurðu, klárlega og bara þvílík umbun. Það er bara finn dáll að afplána



dóminn sinn á ökklabandi.“ Allir voru þeir sammála um að kostur rafræns eftirlits væri fyrst og fremst að komast fyrr heim til fjölskyldu sinnar og sögðu að upplifun aðstandenda af úrræðinu væri góð, og þá sérstaklega hjá börnunum. Þegar þeir voru spurðir um ókosti við rafrænt eftirlit kom fram að það væri mikilvægt að dómþolar byggju við góðar heimilisaðstæður. Einn viðmælandi greindi frá því að þáverandi kærasta hans hefði notað rafræna eftirlitið sem vopn í sambandi þeirra og verið með ýmsar hótanir tengdar því: „Þetta verður vopn fyrir mörgum, sko, þú veist, eins og barnsmóðir mín hótaði oft að brjóta miðstöðina, þú veist henda henni út, taka hana úr sambandi, þú veist alls konar.“ Þá kom einnig fram að sumir viðmælandanna hefðu upplifað skömm í tengslum við ökklabandið sem hefði hamlað þeim að fara á staði þar sem ökklabandið væri sýnilegt, eins og til dæmis í sund.

### Úrbætur

Viðmælendurnir töldu allir að hægt væri að bæta úrræðið svo það myndi skila betri árangri. Meirihluti viðmælanda var sammála um að þeir hefðu viljað vera upplýstir um þann stuðning sem stendur dómþolum til boða af hálfu Fangelsismálastofnunar og greindi einn frá mikilvægi þess að fá stuðning frá fagaðila eftir afplánun:

Á ökklabandi, þar kæmi geðveikt sterkt inn í félagsráðgjafar, sálfræðingar, geðlæknar, þú veist, svona uppbyggjandi fagaðilar, til þess einmitt bara eitt-hvað að mæta einstaklingnum, bara hey, nú ertu kominn hingað og, þú veist, þetta eru viðbrigði. Sama hversu mikill Tarsan þú þykist vera, skilurðu, þá er þetta viðbrigði því þú ert búinn að sitja lengi í fangelsi, skilurðu, það er bara staðreynd.

Viðmælendur voru inntir eftir því hvernig stuðningur þeir teldu að myndi nýtast best og voru þeir allir þeirrar skoðunar að endurhæfing væri mikilvægur þáttur í aðlögun dómþola að samfélaginu og gæti þar af leiðandi dregið úr endurkomutíðni. Voru þeir sammála um að ákveðin uppbygging þyrfti að eiga sér stað, og þá sérstaklega fyrir dómþola sem hefðu ekkert stuðningsnet, glímdu við vímuefnavanda og ættu litla sem enga skóla- eða atvinnusögu. Stuðningur frá fagaðilum Fangelsismálastofnunar, nám, námskeið, sjálfsstyrkingar- námskeið, launuð vinna eða starfsþjálfun eru meðal hugmynda sem viðmælendurnir komu fram með. Til- laga um að lengja afplánunartímann undir rafrænu eftir- liti kom oft til tals enda er upplifun viðmælanda af rafrænu eftirliti jákvæð. Fram kom hjá viðmælendum

að það væri mun betra að dómþolar fengju að afplána með ökklaband og vera virkir þjóðfélagsþegnar, væru þeir hæfir til þess, en að vera frelsissviptir og í fangelsi.

### Umræða

Rafrænu eftirliti er ætlað að hafa uppbyggilegt gildi og það á að beina dómþolum frá afbrotahæðun. Erlendar rannsóknir benda til þess að uppbyggjandi virkni, sam- hliða rafrænu eftirliti, sé mikilvæg til að auka tækifæri dómþola til endurhæfingar og draga úr afbrotahæðun og að endurhæfing sé líkleg til að draga úr endurkomu- tíðni (Bhuller o.fl., 2020). Þó hafa sumar rannsóknir sýnt fram á góðan árangur af úrræðinu þrátt fyrir að því sé beitt einu og sér og án stuðnings. Útgöngu- bannið sem dómþolar þurfa að sæta í rafrænu eftirliti getur í sumum tilfellum dregið úr afbrotahæðun þar sem tengsl dómþola við óaskilegan félagsskap rofna og þeir fá hvatningu til þess að gera uppbyggilega hluti (Graham og McIvor, 2016; Hucklesby, 2009). Þessar niðurstöður samræmast að nokkru leyti niðurstöðum þessarar rannsóknar þar sem mörgum viðmælandunum gekk vel að afplána undir rafrænu eftirliti þrátt fyrir að hafa ekki fengið stuðning af hálfu Fangelsismála- stofnunar. Allir viðmælendurnir voru samt sammála um mikilvægi þess að dómþolum væri boðinn stuðningur á öllum þrepum í þrepaskiptri afplánun og að til taks væru sérfræðingar til þess að meta stöðu dómþola. Við- mælendur voru inntir eftir því hvers kyns stuðningur þeir teldu að myndi nýtast og sögðu þeir allir að stuðningurinn þyrfti að vera í formi endurhæfingar. Þessar niðurstöður eru í samræmi við þær rannsóknir sem fjallað var um hér að framan.

Tveir af þeim sjö viðmælendum sem höfðu lokið afplánun rufu skilyrði rafræns eftirlits um að neyta ekki áfengis eða ávana- og fíkniefna. Áttu þeir það sameigin- legt að hafa átt í erfiðum samskiptum við fjölskyldu- meðlimi sem leiddi til þess að þeir leituðu í vímuefni. Þessar niðurstöður eru í takt við niðurstöður rannsóknar Hákansson og Berglund (2012) sem sýndi að dóm- þolar sem afplánuðu undir rafrænu eftirliti við slæmar heimilisaðstæður og án verndandi þátta væru í aukinni hættu á að nota vímuefni sem bjargráð, sem leiddi þá til áframhaldandi afbrotahæðunar. Bendir það til þess að stuðningur frá fagaðilum, svo sem félagsráðgjöfum, sé mikilvægur fyrir marga dómþola sem afplána undir rafrænu eftirliti. Félagsráðgjafar vinna mikilvægt starf í fangelsiskerfinu og eru vel til þess fallnir að vinna í málefnum dómþola sem afplána undir rafrænu eftirliti en félagsráðgjafar vinna út frá heildarsýn þannig að tillit er tekið til allra áhrifaþátta í lífi dómþola.





Af niðurstöðum rannsóknarinnar má draga þá ályktun að rafrænt eftirlit er mikilvægt úrræði í aðlögun dómþola að samfélaginu eftir fangelsisvist. Upplifun viðmælenda af úrræðinu var jákvæð, þeir upplifðu umbun og ákveðið frelsi þegar rafrænt eftirlit hófst og aðlögunin að samfélaginu varð auðveldari fyrir vikið. Viðmælendur telja þó þörf á úrbótum svo úrræðið geti nýst dómþolum enn betur. Helstu tillögur að úrbótum eru aukinn stuðningur við dómþola af hálfu Fangelsismálastofnunar og samstarf við félagsþjónustu sveitarfélaga og aðra aðila sem koma að þjónustu og stuðningi við dómþola með tilliti til möguleika á launaðri atvinnu, menntun og endurhæfingu. Viðmælendurnir tveir sem afplánuðu undir rafrænu eftirliti eftir að Vernd tók við umsjón úrræðisins voru ánægðir með það fyrirkomulag og voru sammála um að það væri mjög jákvæð þróun. Áhugavert væri að gera rannsókn á upplifun dómþola sem afplána með nýja fyrirkomulaginu þegar meiri reynsla er komin á það.

Vonast er til að þessi rannsókn auki skilning almennings, sveitarfélaga og annarra stofnana á mikilvægi þess að dómþolum verði veittur sá stuðningur sem þeir þurfa á að halda. Samfélagslegur ávinningur er fólgin í því að dómþolar njóti endurhæfingar og aðlögunar út í samfélagið eftir fangelsisvist.

### Heimildir

- Andersen, L. H. og Andersen, S. H. (2014). Effect of electronic monitoring on social welfare dependence. *Criminology and Public Policy*, 13(3), 349–379. <https://doi.org/10.1111/1745-9133.12087>
- Andersen, S. N. og Telle, K. (2022). Better out than in? The effect on recidivism of replacing incarceration with electronic monitoring in Norway. *European Journal of Criminology*, 19(1), 55–76. <https://doi.org/10.1177/1477370819887515>
- Belur, J., Thornton, A., Tompson, L., Manning, M., Sidebottom, A. og Bowers, K. (2020). A systematic review of the effectiveness of the electronic monitoring of offenders. *Journal of Criminal Justice*, 68, 101686. <https://doi.org/10.1016/j.jcrimjus.2020.101686>
- Bhuller, M., Dahl, G. B., Løken, K. V. og Mogstad, M. (2020). Incarceration, recidivism and employment. *Journal of Political Economy*, 128(4), 1269–1324. <https://doi.org/10.1086/705330>
- Braun, V. og Clarke, V. (2013). *Successful qualitative research: A practical guide for beginners*. SAGE Publication. [https://www.researchgate.net/publication/256089360\\_Successful\\_Qualitative\\_Research\\_A\\_Practical\\_Guide\\_for\\_Beginners](https://www.researchgate.net/publication/256089360_Successful_Qualitative_Research_A_Practical_Guide_for_Beginners)
- Deuchar, R. (2012). The impact of curfews and electronic monitoring on the social strains, support and capital experienced by youth gang members and offenders in the west of Scotland. *Criminology and Criminal Justice*, 12(2), 113–128. <https://doi.org/10.1177/1748895811425540>

- Dünkel, F. (2014). Early release from prison. Í Bruinsma, G. og Weisburd, D. (ritstjórar). *Encyclopedia of criminology and criminal justice* (bls. 1256–1271). [https://doi.org/10.1007/978-1-4614-5690-2\\_571](https://doi.org/10.1007/978-1-4614-5690-2_571)
- Fangelsismálastofnun. (e.d.). *Rafrænt eftirlit (ökklaband)*. <https://www.fangelsi.is/afplanun/rafrænt-efirlit/>
- Graham, H. og McIvor, G. (2016). The influences of electronic monitoring in the desistance process: Practitioner and decision-maker perspectives. *Scottish Journal of Criminal Justice Studies*, 22, 5–17. <http://www.sastudyoffending.org.uk/attachments/article/171/SASO%20Journal%202016%20.pdf>
- Graham, H. og McIvor, G. (2017). *Electronic monitoring in the criminal justice system*. <https://www.iriss.org.uk/resources/insights/electronic-monitoring-criminal-justice-system>
- Hawkes, A. (2021). *Under surveillance: Does global positioning system (GPS) monitoring of offenders really work and what does the dynamic risk assessment offender re-entry (DRAOR) really tell us?* [meistararitgerð í sálfræði, University of Otago]. University of Otago, OUR Archive. <http://hdl.handle.net/10523/10654>
- Häkansson, A. og Berglund, M. (2012). Risk factors for criminal recidivism – a prospective follow-up study in prisoners with substance abuse. *BMC Psychiatry*, 12(1), 111. <https://doi.org/10.1186/1471-244X-12-111>
- Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi: Greinasafn í afbrotafræði*. Háskólaútgáfan.
- Helgi Gunnlaugsson. (2018). *Afbrot og íslenskt samfélag*. Háskólaútgáfan.
- Howard, F. (2020). The Experience of electronic monitoring and the implications for effective use. *The Howard Journal of Crime and Justice*, 59(1), 17–43. <https://doi.org/10.1111/hojo.12351>
- Hucklesby, A. (2009). Understanding offenders' compliance: A case study of electronically monitored curfew orders. *Journal of Law and Society*, 36(2), 248–271. <https://doi.org/10.1111/j.1467-6478.2009.00465.x>
- Íris Ósk Ólafsdóttir. (2022). *Upplifun og reynsla dómþola sem afplánað hafa undir rafrænu eftirliti. „Það er bara finn dill að afplána dóminn sinn á ökklabandi“*. [óútgefin meistara-ritgerð]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/41058>
- Lög um fullnustu refsinga nr. 15/2016.
- Nellis, M. (2014). Understanding the electronic monitoring of offenders in Europe: Expansion, regulation and prospects. *Crime, Law and Social Change*, 62(4), 489–510. <https://doi.org/10.1007/s10611-014-9540-8>
- Ríkisendurskoðun. (2011). *Skipulag og úrræði í fangelsismálum 2010*. Höfundur. <https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2010-fangelsismal.pdf>
- Ríkisendurskoðun. (2023). *Fangelsismálastofnun. Aðbúnaður – endurhæfing – árangur*. Höfundur. <https://www.rikisend.is/reskjol/files/Skyrslur/2023-Fangelsismalastofnun.pdf>
- Sigríður Halldórsdóttir. (2013). Yfirlit yfir eiginlegar rannsóknaraðferðir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri). *Handbók í aðferðafræði rannsókna* (bls. 239–249). Háskólinn á Akureyri.

- Sigurður Kristinsson (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir (ritstjóri), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 71–88). Háskólinn á Akureyri.
- Vernd. (e.d.). *Annáll verndar*. <https://www.vernd.is/index.php/vernd/annall-verndar>
- Willoughby, A. og Nellis, M. (2016). „You cannot really hide”: Experiences of probation officers and young offenders with GPS tracking in Winnipeg, Canada. *Journal of Technology in Human Services*, 34(1), 63–81. <https://doi.org/10.1080/15228835.2016.1139919>
- Þingskjal nr. 1251/2010–2011. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um fullnustu refsinga, nr. 49/2005 (rafrænt eftirlit, samfélagsþjónusta).
- Þingskjal nr. 399/2015–2016. Frumvarp til laga um fullnustu refsinga.
- Øster, M. K. og Rokkan, T. (2013). Curfew as a means, not as an end – Electronic monitoring in Norway. *EuroVista Journal for Probation and Community Justice* 2(2), 90–96. <https://www.cep-probation.org/wp-content/uploads/2019/01/VOL-2.2-Curfew-as-a-means-not-as-an-end-%E2%80%93-Electronic-Monitoring-in-Norway.pdf>